

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag, Laugar í Sælingsdal, Dalabyggð.

Byggðarráð Dalabyggðar samþykkti þann 30. ágúst 2016 deiliskipulag fyrir Laugar í Sælingsdal.

Markmið deiliskipulagsins er að efla svæðið sem heild og auka möguleika á nýtingu þess árið um kring. Deiliskipulagið felur í sér afmörkun lóða fyrir hótél, tjaldsvæði, íþróttamannvirki, ungmennabúðir, íbúðir o.fl. og afmörkun byggingarreita fyrir stækkun á hóteli. Gert er ráð fyrir frístundabyggð með 16 lóðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 12. október 2016.*

**Kristján Ingi Arnarsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. október 2016